



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

56. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 3. apríl 2017

Laugarvatn

Leik - grunnskólastig

Mættir: Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformarður, Freyja Rós Haraldsdóttir ritari í forföllum Axels Sæland, Kristín Hreinsdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Karl Hallgrímsson fulltrúi kennara Reykholti, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir fulltrúi kennara Laugarvatni, Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra á Laugarvatni, Þóra Þöll Tryggvadóttir fulltrúi foreldra leikskólans á Laugarvatni, Regína Rósa Harðardóttir skólastjóri Álfaborgar, Guðbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna í Álfaborg.

Forfallaðir: Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni og Herdís Friðriksdóttir fulltrúi foreldra Bláskógaskóla Reykholti, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólans Álfaborgar

1. Skóladagatöl fyrir 2017-2018 í leik- og grunnskólum lögð fram til kynningar. Verða tekin til samþykktar á næsta fundi.

2. Skipurit Bláskógaskóla Reykholti yfirfarið og samþykkt.

3. Smiðjuhelgar skólaárið 2017-2018

Skólastjórnendur grunnskólanna kynntu nýja hugmynd varðandi kennslu valgreina á unglingsstigi. Hún felst í því að hluti valgreina, samsvarandi tveimur kennslustundum á viku, yrði kenndur á þremur smiðjuhelgum á skólaárinu og í samstarfi við tvo aðra skóla. Skólanefnd styður þessa hugmynd og skólastjórar munu vinna áfram með þessa hugmynd og leggja fram frekari útfærslu á næsta fundi. Næstu skref felast meðal annars í því að eiga samtalið við alla aðila, t.d. foreldra, nemendur og kennara.

4. Stytting lokunartíma leikskólanna

Í framhaldi af beiðni foreldra um að stytta sumarlokun leikskólanna var ákveðið að breyta henni í fimm vikur svo framfarlega sem leikskólastjórar gætu leyst mótuneytis- og starfsmannamál á þeim tíma. Í leikskólanum Álfaborg tókst það en ekki í Bláskógaskóla á Laugarvatni þannig að sumarlokun verður 5 vikur í Álfaborg en áfram sex vikur á Laugarvatni. Elfa greindi frá því að nauðsynlegt væri að stjórnandi sé að störfum á meðan skólinn er opinn en engin viðbrögð hafa komið þrátt fyrir að staða deildarstjóra hafi verið vel auglýst. Málið verður endurskoðað fyrir sumarið 2018.

5. Húsnæðismál Bláskógaskóla Laugarvatni

Skólanefnd hvetur sveitarstjórn til að huga alvarlega að húsnæðismálum Bláskógaskóla á Laugarvatni, sér í lagi vegna list- og verkgreina. Elfa sendi greinargerð, viðauka með fjárhagsáætlun, til

sveitastjórnar 23. nóvember 2016 þar sem hún gerir grein fyrir alvarlegri stöðu. Mikilvægt er að vinna að framtíðarsýn skólans í húsnæðsmálum og setja af stað markvissa stefnu.

6. Handbók fyrir foreldra í Álfaborg yfirfarin og samþykkt.

Smávægilegar breytingar m.a. vegna þess að leikskólinn er nú í sama húsnæði og grunnskólinn.

7. Brunaáætlun Álfaborg

Vísað á brunaáætlun grunnskólans, þar sem leikskólinn starfar nú í sama húsnæði.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 17:50.